



Val unglíngastígg - skólaárið 2019-2020

Val á unglíngastígg er krefjandi nemendastýrð námsgrein þar sem nemendur bera alfarið sjálfir ábyrgð á eigin námi. Val er kennt tvisvar í viku á vetrar- og vorönn, skólaárið 2019-2020, á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 13:40-15:00. Kennarar eru Tinna Guðmundsdóttir, Sandra María Sigurðardóttir og Þorkell Helgason.

Í vali er nemendum gefið mikið svigrúm til að þjálfja sjálfstæð vinnubrögð og byggir námið á að nemendur velja sjálfir verkefni út frá eigin áhugasviði. Þegar því er lokið er farið í dýpri hugmyndavinnu varðandi útfærslu, sett markmið, vinnan skipulögð og framkvæmd. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á því að ná markmiðum sínum með faglegum stuðningi frá kennurum. Verkefnaskil eru við annarlok á hvorri önn og kynna þá nemendur valin verkefni.

Námsmarkmið

Markmið vals á unglíngastígg er að nemendur þekki helstu hugmyndir um sköpunarferlið og tileinki sér hæfni í því að vinna með það. Nemendur fá tækifæri og svigrúm til að kynnst öllum hliðum sköpunarferlisins af eigin raun. Ætlast er til þess að nemendur taki virkan þátt í öllum stigum sköpunarferlisins, séu óhræddir við að framkvæma eigin hugmyndir og sýni öðrum tillítssemi.

Nánar um framkvæmd

Hvað vil ég gera? Hvernig get ég gert það? Af hverju vil ég gera þetta? Þetta eru lykilspurningar sem nemendur spyrja sig sjálfa í vali og leita síðan svara innra með sér.

Þegar nemendur fá það verkefni að gera það sem þeir vilja hljómar það eins og auðvelt verkefni eða jafnvel eins og undarleg ósk um stefnulausa óreiðu. En þegar kemur að því að leysa verkefnið kemur í ljós að nemendur að þurfa að hafa einbeitingu ásamt því að tileinka sér vinnusemi og áræðni. Það reynir á marga mismunandi þætti í valinu og ýmsa hæfni sem mikilvægt er að tileinka sér á öllum mögulegum vígstöðvum í lífinu.

Áskoranir nemenda í valinu eru mjög ólíkar milli einstaklinga. Í raun felst aðal lærdómur fyrir hvern og einn að mæta þessum áskorunum. Til dæmis reynist sumum mjög auðvelt að vinna hugmyndavinnu en eiga svo erfitt með að koma sér af stað að vinna. Aðrir eiga auðvelt með hugmyndavinnu og að framkvæma hugmyndirnar en eiga svakalega erfitt með að klára. Aðrir frjósa á hugmyndavinnustígginu og þurfa mikla hjálp við að vinna sig í gegnum það.

Áskorun kennarans er að svipta nemendur ekki ábyrgð sinni á náminu. Fyrir nemanda sem veit ekki hvað hann á að gera í upphafi sköpunarferlisins er mjög mikilvægt að leiðbeina honum í gegnum ýmsar leiðir til að finna hugmyndir, til að tengjast sínum áhuga og drifkrafti. Kennari á ekki að létta af nemandanum ábyrgðinni með því gefa hugmyndir og stýra framhjá þeirri áskorun að svara spurningunni: *Hvað vil ég gera?*